

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/465  
komudagur 4.12.2006

Kristjana Benediktsdóttir

---

From: gt@tn.is  
Sent: 1. desember 2006 18:27  
To: Kristjana Benediktsdóttir  
Cc: gt@tn.is  
Subject: Re: Umsögn um 24. mál (og áréttning varðandi 56. mál) RÚV

Alþingi - nefndasvið  
B.t. ritara menntamálanefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 01.12.2006  
Tilv. 2005/0037 - 2.0  
GT

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 24. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 122/2000 um Ríkisútvarpið, stjórn, afnotagjöld, og áréttning um 56. mál, Ríkisútvarpið ohf., heildarlög (133. löggjafarþing)**

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. nóvember sl., um fyrrgreint þingmál. Tekið skal undir tillögu um dagskrárráð (5. og 6. gr.) sem skipað sé m.a. fulltrúum almennasamtaka á borð við Neytendasamtökin. Tel ég tillöguna til þess fallna að auka áhrif notenda á útvarpsþjónustu í almannabágu og þar með aðhald neytenda. Í þessu sambandi vil ég áréttu umsögn mína, dags. 17. janúar sl., um 401. mál á 132. löggjafarþingi, Ríkisútvarpið (RÚV) hf., og er beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var um nýtt mál, 56. mál, RÚV ohf., sbr. bréf yðar, dags. 20. október sl. Í fyrri umsögn minni, sem hjálgöð er í afriti, lagði ég til stofnun neytendaráðs og virðist mér dagskrárráð til þess fallið að ná sömu markmiðum að einhverju leyti. Benti ég á að þörf á slíku væri því brýnni ef það rekstrarform, sem enn er lagt til, yrði ofan á. Í umsögninni vék ég sérstaklega að þörf á að bæta stöðu notenda sem komið er á mótis við að hluta til með því að lagt er til í 2. mgr. 12. gr. frv. að upplýsingalög nr. 50/1996 gildi um RÚV ohf. Efnislega vil ég aðeins áréttu varðandi 56. mál, RÚV ohf., að ég tel enn brýna þörf á að kveða sérstaklega á um það í lögum – eða til vara í samningi um útvarpsþjónustu í almannabágu – að RÚV sé gert skylt að standa að auglýsingum og fræðslu til neytenda og borgara um almannabjónustu. Um nánara inntak tillögunnar og rök fyrir henni og aðdraganda vísa ég til fyrri umsagnar, dags. 17. janúar sl., sem hjálgöð er í afriti.

Virðingarfyllt,  
talsmaður neytenda,

4.12.2006

Gísli Tryggvason.

Kær kveðja,  
talsmaður neytenda,  
Gísli Tryggvason.

Vakin er athygli á 2. mgr. 7. gr. laga um embættið þar sem segir:

"Talsmaður neytenda tekur ekki til meðferðar ágreining milli neytenda og seljenda, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um hvaða leiðir eru færar, m.a. innan stjórnslunnar og hjá dómstólum."

Embætti talsmanns neytenda,  
Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími 510 11 21; Bréfsími 510 11 01  
gt@tn.is; <http://www.tn.is>  
Forbrugertalsmanden  
The Consumer Spokesman